

Sjúkraliðafélag Íslands
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

5. desember 2003

Varðar: túlkun á kjarasamningsákvæði 7. 3 í samningi SLFÍ.

Sjúkraliðafélag Íslands óskaði eftir því með bréfi dags. 29. október 2003 að réttindanefnd skoðaði rétt starfsmanna á Landakoti til greiðslu vegna tjóns á persónulegum munum. Samkvæmt framangreindu bréfi eru málsatvik þau að farið var inn í fataherbergi starfsmanna, fataskápar brotnir upp og ýmsum munum stolið, m.a. farsímum. Þá segir í bréfinu að læsing í herberginu hafi verið biluð. Þeir starfsmenn sem urðu fyrir tjóni fóru fram á það við Landspítala-háskólasjúkrahús að tjónið yrði bætt með tilvísun í kjarasamningsákvæði 7.3 í kjarasamningi SLFÍ. Kröfunni var hafnað með vísan til fyrirmæla í „Dreifibréfi 6/2002“ frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Gerir SLFÍ jafnframt athugasemdir við það að atvinnurekandi geti einn og sér án nokkurs samráðs við viðsemjendur sína túlkað samningsákvæði í dreifibréfum eins og starfsmannaskrifstofan gerir.

Í dreifibréfinu segir m.a.:

„Í þriðja lagi er skilyrði að tjónið hafi ekki sannanlega átt sér stað vegna gáleysis eða hirðuleysis annarra svo sem samstarfsmanna eða viðskiptavina/skjólstaðinga. Tjón sem unnin eru af ásetningi, þ.e. skemmdarverk eða þjófnaður, teljast ekki til óhappa.“

Krafa SLFÍ um að bæta starfsmönnum tjónið byggist á kjarasamningsákvæði 7.3. en þar segir:

„Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á algengum nauðsynlegum fatnaði og munum við vinnu, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt skv. mati. Náist ekki samkomulag, skal tjónið metið af einum fulltrúa frá hvorum aðila.

Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta slík tjón ef þau verða sannanlega vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns.“

Samkvæmt kjarasamningsákvæðinu ber atvinnurekandi að bæta tjón sem verður vegna óhappa á vinnustað. Í þessu tilviki er um það að ræða að það er brotist inn á vinnustaðinn og munum stolið. Ekki er að finna ákvæði um að atvinnurekandi beri ábyrgð á skaðaverkum þriðja manns sem skyldi hann til að bæta slíkt og er ekki hægt að lesa út úr kjarasamningsákvæði 7.3 að hann hafi tekið á sig slíka ábyrgð með samningi. Er það því álit réttindanefndar að starfsmennirnir geti ekki byggt kröfu um greiðslu vegna tjónsins á kjarasamningsákvæði 7. 3.

Réttindanefndin tekur undir með SLFÍ að óeðlilegt er að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sendi einhliða út dreifibréf um túlkun á samningum.

Hins vegar er hugsanlegt að atvinnurekandinn kunni að vera skaðabótaskyldur gagnvart starfsmönnum sínum eftir skaðabótareglum sem gilda utan samninga, þ.e. eftir sagnæmisreglunni. Þá þarf að sanna sök atvinnurekandans sem gæti leitt til bótaábyrgðar. Í bréfinu kemur fram að læsing að herberginu hafi verið biluð. Það gæti leitt til bótaskyldu atvinnurekandans en skilyrði fyrir bótaskyldu eru:

1. ólögmett atferli, athöfn eða athafnaleysi,
2. sök hjá skaðvaldi, það er að hann hafi valdið tjóninu af ásetningi eða gáleysi,
3. fjárhagslegt tjón
4. að tjónið sé fyrirsjáanlegt eða sennileg afleiðing hins ólögmeta atferlis.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.